

Fjármálastefna Matvælastofnunar byggir á eftirtöldum reglum og fyrirmælum:

- Lögum nr. 76/2005 og lög nr. 80/2005 ásamt síðari breytingum um Matvælastofnun
- Reglugerð nr. 1/2008 um Matvælastofnun
- Reglugerð nr. 1061, 22. desember 2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A – hluta.
- Lögum nr. 88, 27. maí 1997 um fjárreiður ríkisins
- Lögum nr. 86, 27. maí 1997 um Ríkisendurskoðun
- Fjárlögum eins og þau líta út hverju sinni

Matvælastofnun virðir þær fjárheimildir sem stofnuninni eru veittar og nýtir fjármuni á hagkvæman hátt.

Matvælastofnun byggir markmiðssetningu sína á árangurstjórnun í ríkisrekstri. Í því skini geri Matvælastofnun og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið með sér árangurstjórnunarsamning þar sem hlutverk stofnunarinnar er skilgreint, markmið og stefnumótandi áherslur settar og samskiptaferli ákveðið.

Matvælastofnun tekur saman og sendir ráðuneyti tillögur sínar um útgjöld og tekjur komandi árs ásamt með viðeigandi greinargerðum allt í því formi og innan þeirra tímamarka sem stofnuninni eru settar.

Matvælastofnun setur sér ársáætlun þegar forsendur komandi fjárlaga liggja fyrir í frumvarpi þar sem tilgreind eru á grunni kostnaðargreiningar og verkefnabókhalds markmið og mælikvarðar í starfi stofnunarinnar og áætlun um útgjöld vegna þeirra meginverkefna sem unnið er að. Öll yfirstjórn stofnunarinnar kemur að þessu verkefni.

Matvælastofnun tekur árlega saman ársskýrslu, samhliða hefðbundnu uppgjöri í formi efnahags- og rekstrarreiknings, greinargerð um útgjöld og fjárheimildir, auk talnalegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Matvælastofnun færir bókhald sitt á rekstrargrunni, sbr. fyrirmæli Ríkisbókhaldsins frá 28. apríl 2000, þar sem afstemmingar og fjárumsýsla uppfylla kröfur um innra eftirlit og bókhaldsfyrirmæli.

Matvælastofnun skilar ársreikningi og eignaskrá í samræmi við reglur og fyrirmæli.